



Litli prinsinn

leikbrúðusýning á Listahátíð

Flugmaðurinn gerir við flugvélinu í eyðimörkinni og hlustar á litla prinsinn segja frá ferðalögum sínum um geiminn.

A laugardagskvöld verður frumsýnd í Þjóðleikhúsinu brúðuleiksýningin „Litli prinsinn“ eftir Antoine de Saint-Exupéry á vegum Maríónettuleikhússins frá Stokkhólmi.

Það er sænski brúðuleikshúsmáðurinn Michael Meschke sem samið hefur og leikstýrir þessu sérstæða atriði Listahátíðar, en leikið er á íslensku. Hér er um óvenjulega samvinnu erlendra og innlendra leikhúsanna að ræða. Í för með Meschke er fimm manna hópur

frá Maríónettuleikhúsinu og stjórnna þeir leikbrúðum í sýningunni, en íslenskir leikarar flytja textann.

Ein persónan, flugmaðurinn, er leikinn af leikara sýnilegum á sviðinu og fer Sigmundur Örn Arngrímsson með það hlutverk.

Sagan um Litla prinsinn er viðfræg og þekktasta saga höfundar. Bókin hefur komið út á íslensku í þýðingu Þórarins Björnssonar, skólameistara. Þar segir frá flugmanni sem nauðlendir í Shara-eyðimörk-

inni og rekt þar á litla prinsinn, lítinn drengnokka, sem stýttir honum stundir og segir frá heimkynnum sínum úti í geimnum og ferðalagi sínu milli hinna ýmsu hnatta himinhvolfins.

Þýðingu leikgerðarinnar gerðu Briet Hébinsdóttir og Sigurður Pálsson. Tónlist er eftir Karl-Erik Welin. Þessi sýning Maríónettuleikhússins á Litla prinsinum hefur vakið mikla athygli og orðið viðfræg, enda farið víða.

Önnur sýning á Litla prinsinum er á sunnudag kl. 3.

LEIKHÚS

Þjóðleikhúsið.

Litla sviðið. Siswe bansi er död, önnur sýning.

Laugardagur. Litla sviðið: Siswe bansi er död, gestaleikur frá Lilla Teatern i Helsing-

fors kl. 4. Kl. 8. Frumsýning á brúðuleiknum „Litli prinsinn“. Sunnudagur. Litli prinsinn önnur sýning kl. 15. Gisela May austur-þýska Brechtsöngkonan kemur fram ásamt fimm manna hljómsveit kl. 20.

Íðnó.

Föstudagur. Sagan af dánanum.

Laugardagur. Skjaldhamrar Jónasar Arnasonar. Sunnudagur. Sagan af dánanum.

Leikfélag Akureyrar

Kristnihald undir Jökli sýnt í kvöld að Arnesi og laugardagskvöld að Borg, Grimsnesi.

SÝNINGAR

Listasafn Íslands

Sýning á verkum Hundertwasser er opin daglega frá kl. 2-10.

Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi.

Myndlistaklúbbur Seltjarnarness stendur fyrir sýningu á 166 verkum 16 félaga klúbbsins. Sýningin er opin virka daga frá kl. 5-10 og um helgar frá kl. 2-10.

Kjarvalsstaðir

Austursalur: Sýning á 40 gouach myndum eftir franska málaranum Gérard Schneider.

Vestursalur: Íslensk grafík frá upphafi.

Á göngum hússins: Sýningin „Skýjaborgir og loftkastalar“.

Eden, Hveragerði.

Sýning á verkum finnsku listakonunnar Elinar Sandström.

Gimli, Stokkseyri

Elfar Þórðarson frá Sjólyst opnar á morgun sýningu á 48 olíu- og akrylmyndum.

Norræna húsið

Sýningin Íslensk nytjalist.

Bogasalur

Sýning á myndum, handritum og skjölum Dunganons, sem hann arfleiddi íslenska ríkið að við andlát sitt.

BÖLLIN

Hótel Saga

Súlnasalur. Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar og Þuríður skemmta föstudags- og laugardagskvöld.

Sunnudagur: Kvöldverður og dansleikur í tilefni Sjómannadagsins.

Hótel Borg.

Hljómsveit Hauks Mortens skemmtir um helgina.

Klúbburinn.

Föstudagur. Venus og Lena. Laugardagur. Venus og Lena. Sunnudagur. Fress og breska hljómsveitin Rudolf og söngkonan Linda Taylor.

Tónabær

Dinamit leikur föstudag. Eik leikur laugardagskvöld.

Röðull

Stuðlatrió leikur föstudags- og laugardagskvöld. Alfa Beta leikur sunnudagskvöld.

Tjarnarbúð.

Fress leikur laugardagskvöld. Experiment sunnudagskvöld.

Lindarbær.

Gömlu dansarnir. Hljómsveit Rúts Kr. Hannessonar og Jakob Jónsson skemmta.

Skiphóll.

Hljómsveit Birgis Gunnlaugs-sonar skemmtir.

Sigtún.

Pónik og Einar skemmta föstudags- og laugardagskvöld. Drekar leika fyrir gömlu dönsunum sunnudagskvöld.

Glæsibær.

Asar leika um helgina.

Leikhúskjallarinn.

Skuggar skemmta.

Sesar.

Diskótek.

Óðal.

Diskótek.

Ungó Keflavík

Eik, og breska hljómsveitin Rudolf skemmta föstudagskvöld.

Félagsheimilið

Stykkishólmi

Galdrakarlar skemmta föstudagskvöld.

Festi

Paradís og Dinamit leika laugardagskvöld.

Arnes.

Haukar skemmta laugardagskvöld.

Bolungarvík.

Yr og Rudolf skemmta laugardagskvöld.

Siglu fjörður

Galdrakarlar skemmta sunnudagskvöld.

„Vinnur hratt til þess að höndla augnabliks-tilfinninguna“

Að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á fjörutíu gouach-myndum listmálarans Gérard Schneider, en hún er hingað komin fyrir tilstilli sendiherra Frakklands og franska menntamálaráðuneytisins. Við opnum sýningarinnar lagði sendiherrann áherslu á að hún væri framlag frakka til að minnast þess, hve margir Íslendingar hefðu farið til náms í París.

Gérard Schneider fæddist í Sviss árið 1896 og því orðinn áttræður. Hann nam myndlist í París en að námi loknu sneri hann aftur til heimalands síns. Þar fann hann ekki þann hlómgrunn fyrir list sína sem hann þarfnabist og fluttist aftur til Parísar eftir fjögur ár. Í París

tók hann þátt í liststarfsemi þess hóps málara í Montmartre hverfinu, sem nefndur hefur verið „Ecole de Paris“.

„Leitar eftir svipaðri stemmningu og í tónlist.“

„Schneider hefur verið þó nokkuð frægur í París frá því eftir heimsstyrjöldina síðari“ sagði Aðalsteinn Ingólfsson, listmálari í samtali við Vísir, en hann sá um uppsetningu sýningarinnar. „Hann vinnur sérstaklega hratt til þess að höndla augnabliks-tilfinninguna og fleygir gjarnan myndum ef hugmyndir hans heppnast ekki.

Hann er á höttum eftir svipaðri stemmningu og í tónlist.

Í sýningarskrá segir Aðalsteinn um Schneider: „Í verkum sínum notar Schneider gjarnan breiðan pentskúf og malar hratt og ákveðið á sterklitan bakgrunn. Í verkum hans eftir 1950 bar mikið á kolsvörtum litflekjum sem undirstrikuðu hinar skæru litræmur málara hans en undanfarið ár hefur Schneider látið litinn sjálfan og hreyfingu hans á myndfletinum tala í æ ríkara mæli“.

Sýningin stendur til 16. júní og er opin frá kl. 14.00 til 22.00 daglega.

— aho.



Eitt af verkum listmálarans Gérard Schneider á sýningunni að Kjarvalsstöðum.